

Stjörnuspá

- 21. mars - 19. apríl**
Hrútur Þú gefur endalást af þér í sambandi, meira en góðu hófi gegnir. Endurskoðuðu ákvörðun þína varðandi lánamál, margt hefur breyst á þeim vettvangi.
- 20. apríl - 20. maí**
Naut Djúpur skoðanaágreiningur ríkir á milli þín og makans. Gefðu þér tíma til þess að gaumgæfa lausnir á honum, það er öllum fyrir bestu.
- 21. maí - 20. júní**
Tviburur Gerðu eitthvað óðrúvisi í dag, vanafstan hjá þér er út úr öllu korti. Þér berst boð í samkvæmi sem þú áttir ekki von á að fá.
- 21. júní - 22. júlí**
Krabbi Öllu gríni fylgir einhver alvarra svö þú skalt gæta orða þinna. Stuttar ferðir út á land eða fyrirlestraróð er fram undan, passaðu að sinna fjálskyldunni líka.
- 23. júlí - 22. ágúst**
Ljón Þú hefur komið þér vel fyrir og mált þess vegna gefa þér tíma til að njóta ávaxtanna af mikilli vinnu þinni. Reiknaðu með því að þurfa að opna budduna næstu daga.
- 23. ágúst - 22. sept.**
Meypja Það eru margar hendur á lofti þér til aðstoðar. Peningar eru ekki allt, þótt þeir séu nauðsynlegir. Brennt barn forðast eldinn.
- 23. sept. - 22. októ.**
Vog Þú færð oft góðar hugmyndir en fylgir þeim sjaldnast eftir. Þú færð frábæra viðskiptahugmynd og ættir að láta hana verða að veruleika.
- 23. októ. - 21. nóv.**
Sporðreki Þú nýtur þess að fegra heimilið þessa dagana. Þú færð nýja nágranna sem eiga eftir að hrísta upp í tilverunni.
- 22. nóv. - 21. des.**
Bogmaður Þig langar að kaupa eitthvað í dag vegna þess að þér finnst að þú verðir einfaldlega að eignast það. Börn þurfa festu.
- 22. des. - 19. janúar**
Steingit Leggðu þitt af mörkum svo samstarfið gangi áfallalaust fyrir sig. Vandaðu framsetningu þína svo ekkert fari á milli mála.
- 20. jan. - 18. febr.**
Vatnsberi Þú munt líklega lenda í einhverjum konar valdabaráttu í dag. Njóttu þess að fara í stutt frí og hlada batteríin.
- 19. febr. - 20. mars**
Fiskar Þú ert hvalvis og gættir farið í óvænt ferðalag. Ef þú gefur því gaum kemstu að því að árið finna líka fyrir streitu eða kvíða af og til.

Guðmundur Þ. Harðarson, íþróttakennari, fv. forstöðumaður og sundþjálfari – 75 ára

Framtíðin var ráðin í sundinu

Guðmundur Þorbjörn Harðarson fæddist 10. febrúar 1946 í Holtunum í Reykjavík og ólst þar upp. „Ég fór í sveit sex ára að aldri til afabroður míns, Sigurjóns Oddssonar, og Guðrúnar konu hans og afkomenda þeirra á Rítstötum í Svinadal, Austur-Húnavatnssýslu. Þar dvaldi ég átta sumur hjá frændfólki mínu, mér til mikillar ánægju og gagns.“

Grunnskólagaða Guðmundar hófst við sjö ára aldurinn í Austurbæjarskólunum, síðan lá leiðin í Lindargötuskólann. Síðustu tvö ár grunnskólagaðungunnar fóru fram í Vogaskólunum þar sem hann var í námi í verslunardeild.

„Ég innritaði mig í Sundfélagið Ægi í febrúar 1954, þá nýlega orðinn níu ára að aldri. Sú ákvörðun átti eftir að vera aðrirfarir fyrir framtíðina. Ég æfði sund hjá Ægi í 13 ár og hóf þjálfun í félaginu árið 1965 og var aðalþjálfari samfelt í 15 ár. Auk þess sat ég í stjórn Ægis í 19 ár.“

Guðmundur var margfaldur Íslandsmeistari í sundi og varð einnig Íslandsmeistari í sundknattleik með Ægi. Guðmundur setti tvisvar sinnum Íslandsmet, í 200 m skriðsundi og 1.500 m skriðsundi.

Starfsferillinn

Haustið 1964 hóf Guðmundur nám við Íþróttakennarskólann á Laugarvatni og útskrifaðist sem íþróttakennari sumarið 1965. Haustið 1965 hóf hann störf við Sundlaug Vesturbæjar sem sundkennari og kenndi þar í tvö ár. „Þá var komið að því að mennta sig meira og hóf ég nám í íþróttafæðum við University of California Long Beach um haustið 1967, með séráherslu á sundíþróttir, og lauk því 1968.“

Guðmundur fékk stöðu sem íþróttakennari við Mýrarhúaskóla á Seltjarnarnesi haustið 1968 og hóf kennslu í nýju íþróttahúsi á Nesinu. Þar kenndi hann til 1980 að undanteknum tveimur árum, 1973-1975, þegar hann dvaldi í University of Alabama í Tuscaloosa. Hann útskrifaðist þaðan með BSc-gráðu í íþróttafæðum og heilsufræði. „Samhliða



Stórfjölskyldan Guðmundur og Ragna á 70 ára afmæli hennar fyrir þremur árum ásamt börnunum, tengdabörnunum og barnabörnunum.



Hjónin Stödd á Fíðji-eyjum.



Sundþjálfarinn Guðmundur 1976.

náminu starfaði ég sem aðstoðarþjálfari hjá Don Gambriel, einum af ölympíuþjálfurum Bandaríkjanna í sundi. Það starf gaf mér góða reynslu í þekkingu í sundþjálfun.“

Samhliða kennslumi og sundþjálfuninni var Guðmundur námsstjóri í sundi hjá menntamálaráðuneytinu í hlutastarfi. „Í því starfi samdi ég nokkrar bækur um sundkennslu og sundfræði til nota til menntunar og simeuntnar íþróttakennara.“ Árið 1980 flutti fjölskyldan til Randers í Danmörku, þar

sem Guðmundur hafði fengið starf sem aðalþjálfari hjá sundfélaginu Randers Svømmeklub Neptun.

„Þar dvöldum við í fimm ár en við heimkomuna frá Danmörku síðsumars 1985 hóf ég ásamt konu minni að byggja upp heilísólufyrirtækið Aqua Sport, sem við höfðum stofnað í Danmörku. Rákum við Aqua Sport í riflega 40 ár, fluttum inn og seldum sunddvörur.“ Árið 1993 hóf Guðmundur störf hjá Kópavogsbæ, sem forstöðumaður Sundlaugar Kópavogs, og starfaði þar í 13 ár, en tók

við stjórn Salalaugar þegar hún var opnuð á sumardaginn fyrsta 2005 og stýrði henni í 10 ár.

Guðmundur hefur tekið þátt í fjölmörgum félagsstörfum á undanförunum árum, aðallega félagsstarfi sem lýtur að íþróttastarfssemi, þó aðallega sundíþróttum. Þar má nefna setu í tækninefnd Smáþjóðaleikanna, sem fulltrúi Ólympíusambandsins 2004-2017, sundtækninefnd LEN, Sundsambands Evrópu 1998-2016, formennsku í Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi 1995-1998 og setu í stjórn afreks-sjóds ÍSÍ 1996-2014. Guðmundur varð heiðursfélagi í sundfélaginu Ægi 1987, hlaut gullmerki ÍSÍ 1997, varð heiðursfélagi í Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi 2015, hlaut heiðurskross ÍSÍ, æðsta heiðursmerki ÍSÍ, 2017, varð heiðursfélagi Sundsambands Íslands 2017 og hlaut gullmerki Íþróttabandalags Reykjavíkur sama ár.

Ólympíuleikar

Guðmundur hefur farið á sjö Ólympíuleika. Hann var fyrst valinn þjálfari á leikana 1972 í München, síðan 1976 í Montréal og loks á leikana í Seúl 1988. „Þetta var mikil upplifun og ánægjulegt að hafa fengið tækifæri á að sjá allt besta sundfólkið í heiminum keppa, og þjálfá þá Íslendinga sem kepptu á þessum leikum. Auk þess að fara á þrenna Ólympíuleika sem þjálfari hlottaðist mér sá heiður að að fara á ferna leika með RÚV til þess að lýsa sundkeppni leikanna. Eftir að hafa lýst leikumum árin 1992 og 1996 trý sjónvarpsall fékk ég tækifæri á að fara á leikana 2000 í Sydney, 2004 í Aþenu, 2008 í Peking og 2012 í London. Þarna vann ég með miklum fagmönnum sem kenndu mér til verka, s.s. Samúel Erni Erlingssyni, Arnari Björnssyni, Bjarna Fel og Ingólfi Hannessyni.

Ég fylgdi enn með sundinu, það er auðveldara núna á netinu en þegar heimsafrekaskráin kom út tvisvar á ári. Annars er ég enn að venjast því að vera kominn á eilílaun, en við hjónin seldum fyrirtækið okkar, Aqua Sport, 1. júlí í fyrra.“

Til hamingju með daginn

Einar Lyng Hjaltason



50 ára Einar er Hafnirfirdingur, en býr í Hveragerði. Hann er PGA-golfkennari, er rekstrarstjóri Golfklúbbs Hveragerðis og fararstjóri í gólfdeild ferðaskrifstofunnar Vita.

Maki: Raket Árnadóttir, f. 1971, grafískur hönnuður hjá húsgagnaverunum Liva.

Börn: Einar Gísli, f. 1996, Kolbrún María, f. 2000, og Rebekka Einaradóttir, f. 2010. Stjúpdóttir er Dröfn, f. 1999.

Foreldrar: Jenný Einaradóttir, f. 1953, fyrrverandi skrifstofumaður, og Hjalti Sæmundsson, f. 1947, fyrrverandi yfirvarðstjóri stjórnséðisvarð Landhelgisgæslunnar. Þau eru búsett í Hafnarfirði.

Mariya Fominykh



40 ára Mariya er frá Novosibirsk í Síberíu, Rússlandi, en fluttist til Íslands árið 2018 og býr í Reykjavík. Hún er barnalæknir að mennt frá Lækna-háskólunum í Novosibirsk og lauk námi í stjórnun við The Open University á Englandi. Mariya var innkaupastjóri hjá lyfjafyrirtækinu Katren í Novosibirsk en er núna í námi til vidurkenningar bókara hjá NTV.

Maki: Ágúst Harðarson, f. 1969, B.Sc. í umhverfisskiptulagi frá LBHI og sjálfstætt starfandi.

Foreldrar: Nadezda Glazunova, f. 1958, og Sergei Glazunov, f. 1954. Þau störfuðu við vatnsveitu, en eru kominn á eftirlaun. Þau eru búsett í Novosibirsk.

Börn og brúðhjón

Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkingu viðbrúðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.

Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá frjá áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mb.is/islendingar eða á islendingar@mb.is



BÍLA-SÉRBLAÐ

BÍLA BLAÐ

fylgir Morgunblaðinu
þriðjudaginn 16. febrúar 2021

NÁNARI UPPLÝSINGAR
um auglýsingapláss:

Berglind Bergmann
Sími: 569 1246
berglindb@mb.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur